



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

---

### *Kennsla nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn (ÍSAT)*

---

Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tökum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu (Aðalnámskrá grunnskóla).

Íslensku nám ÍSAT nemenda er á ábyrgð skólustjóra, umsjónarkennara, ÍSAT kennara auk annarra kennara skólans. Kennarar og annað starfsfólk skólans ber að nota ávallt íslensku í samskiptum sínum við alla nemendur, að undanskildum tímum í erlendum tungumálum. Kennarar og annað starfsfólk skólans er hvatt til þess að leggja orð á hluti og aðgerðir til þess að auka orðaforða ÍSAT nemenda. Þannig getur allt starfsfólk skólans unnið að því að styðja við íslenskunám ÍSAT nemenda.

Umsjónarkennarar og aðrir kennarar við skólann miða annað námsefni og fyrirmæli að getu nemandans í íslensku.

Önnur sérkennsla ÍSAT nemenda, t.d. stuðningur í lestri, stafsetningu og stærðfræði, er metin í hverju tilfelli fyrir sig.

Fagstjóri fjöltyngdra nemenda er Hugrún Tanja Haraldsdóttir ([hugrun@isaksskoli.is](mailto:hugrun@isaksskoli.is)). Hugrún Tanja útskrifaðist sem grunnskólakennari vorið 2011. Hún lauk meistaranámi í sérkennslufræðum í febrúar 2023. Hún hefur starfað við skólann síðan haustið 2008, sem umsjónarkennari síðan haustið 2011 og sem sérkennari síðan haustið 2022. Hugrún Tanja tók við stöðu fagstjóra fjöltyngdra nemenda haustið 2023.

### Skimanir sem lagðar eru fyrir ÍSAT nemendur

Hér að neðan má sjá þær skimanir sem lagðar eru sérstaklega fyrir ÍSAT nemendur. Fagstjóri fjöltyngdra nemenda sér um að leggja þessar skimanir fyrir, enda hefur hann til þess tilskilin réttindi. HLJÓM-2 er þar undanskilið en sú skimun er lögð fyrir af kennurum sem til þess hafa réttindi. Foreldrar/forráðamenn ÍSAT nemenda fá niðurstöðurnar sendar heim í lokuðu umslagi.

### Milli mála

Milli mála II skimunin er lögð fyrir í byrjun skólaárs ár hvert. Hún er lögð fyrir alla nýja nemendur í 1. – 3. bekk og svo aftur í 4. bekk. Skimunin metur meðal annars orðaforða og tjáningu. Niðurstöður skimunarinnar eru m.a. hafðar að leiðarljósi þegar kemur að því að meta stuðningsþörf nemanda.

### Íslenski málshljóðamælirinn

Með Íslenska málshljóðamælinum er unnt að skima og forprófa framburð íslensku málshljóðanna og meta skiljanleika tals. Niðurstöður skimunarinnar eru hafðar til hliðsjónar í einstaklingstímum framburðarþjálfun/málörvun. Sjá frekar í kafla um framburðarþjálfun/málörvun.



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Hljóðfærni

Hljóðfærni er staðlað greiningarpróf sem ætlað er að greina hljóðkerfisvanda hjá börnum í 1. bekk. Skimunin er lögð fyrir í janúar og ef þörf þykir aftur í maí. Ef lestrarnám ÍSAT nemanda gengur vel geta umsjónarkennari og fagstjóri fjöltyngdra nemenda metið sem svo að ekki þurfi að leggja Hljóðfærni fyrir nemandann. Niðurstöður úr skimuninni eru nýttar til þess að auka gæði ÍSAT tíma og unnið er betur með þá þætti þar sem veikleikar greinast.

### Hljóm-2

Hljóm-2 er lagt fyrir alla 5 ára nemendur skólans. HLJÓM 2 prófar hljóðkerfisvitund barna og hefur mikið forspárgildi fyrir náms og lestrarerfiðleika þegar komið er í grunnskóla. Niðurstöður úr HLJÓM-2 eru m.a. notaðar til þess að ákvarða tímafjölda fyrir 5 ára nemendur. Í einhverjum tilfellum fara því 5 ára ÍSAT nemendur bæði í tíma fyrir ÍSAT nemendur og í málörvunartíma tengda niðurstöðum úr HLJÓM-2.

### Einstaklingstímar í framburðarþjálfun og/eða málörvun

Öllum ÍSAT nemendum stendur til boða mat á framburði. Skimað er fyrir framburðarfrávikum með Íslenska málhljóðamælinum. Þegar búið er að skima nemendur er þeim raðað niður í lotur eftir aldri og alvarleika frávik. Framburðarþjálfunin er í höndum fagstjóra fjöltyngdra. Nemendur sem þurfa á aukinni málörvun að halda eiga einnig kost á því að fá einstaklingstíma. Þörf á aukinni málörvun er metin t.d. út frá orðaforða nemenda, færni hans að tjá sig eða vegna greininga á t.d. málþroskaröskun DLD.

Einstaklingstímarnir fara fram í lotum sem eru að meðaltali 6 vikur að lengd. Tímafjöldi nemanda er metinn út frá niðurstöðum, en flestir nemendur koma tvisvar sinnum í viku í u.þ.b. 15-20 mínútur í senn. Sett er upp áætlun fyrir hvern nemanda. Heimaverkefni eru send heim eftir þörfum.

### Heimalestur

ÍSAT nemendur eru almennt með sömu heimalestrarbækur og samnemendur sínir. Það er þó metið í hverju tilfelli fyrir sig. Ef það er metið sem svo að nemandinn muni ekki ráða við lesefni fær hann annað lesefni við hæfi. Lagt er upp með að ÍSAT nemendur lesi heima a.m.k. fimm sinnum í viku. Umsjónarkennarar sinna heimalestri, en ef þörf þykir getur fagstjóri fjöltyngdra nemenda eða ÍSAT kennari aðstoðað við val á lesefni. ÍSAT nemendur lesa fyrir umsjónarkennara og/eða stuðningsfulltrúa á skólatíma.

Auk þess er boðið upp sérstakan stuðning fyrir þá nemendur sem hafa engan heima við til þess að aðstoða við réttan framburð. Þeir nemendur hitta ÍSAT kennara einu sinni til tvisvar sinnum í viku sem hlustar á þá lesa. ÍSAT kennarinn spyr þá líka spurninga úr lesefninu og vinnur þannig með lesskilning nemandans.



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Skipulag kennslu

Nemendum er raðað í hópa eftir getustigi og niðurstöðum skimana eftir því sem því verður viðkomið. Ef ekki er hægt að raða nemendum í hópa eftir getustigum eru verkefni miðuð að getu hvers og eins innan hópsins. Gætt hefur verið að því að hópastærð ÍSAT hópa fari aldrei yfir sex nemendur í einu til þess að sinna hverju barni sem best.

Veturinn 2025-2026 fá nemendur í 1. – 4. bekk að lágmarki 3 kennslustundir á viku. Meirihluti ÍSAT nemenda skólans eru á 1. og 2. stigi skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Farið verður nánar í vinnu hvers árgangs hér að neðan. Nemendum er skipt í hópa eftir getu eins og því verður viðkomið. Byggt er á kennslu fyrri ára og þannig að erfiðleikastigs námsefni er stigmagnast frá 5 ára nemendum og upp í 5. bekk.

### Þematengd kennsla

Í veturinn 2025-2026 er í fyrsta sinn verið að vinna með þematengda kennslu. Þemun eru m.a. fundin út frá áttahagafræðikennslu og námsefninu Halló heimur. Þemun eru í stöðugri endurskoðun og geta umsjónarkennara haft áhrif á þemun sem verða fyrir valinu.

Hér að neðan má sjá hugmynd af þemum eftir árgöngum:

| 5 ára (0. bekkur)                                        | 1. bekkur                                                | 2. bekkur                         | 3. bekkur                                                                      | 4. bekkur                                                                            |
|----------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------|-----------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|
| Skólaorðaforði – orðaforði sérgreina og kennslustofunnar | Skólaorðaforði – orðaforði sérgreina og kennslustofunnar | Ævintýri og helstu minni ævintýra | Ísland. Íslenskir þjóðhættir, sjálfstæðisbaráttan og þjóðhátíðardagur Íslands. | Íslenskar þjóðsögur                                                                  |
| Ég sjálfur – fjölskyldan, afmæli og vinir                | Ég sjálfur – fjölskyldan og afmæli. Vinir og samskipti   | Veður                             | Störf og starfstengdur orðaforði.                                              | Ísland og landafræði                                                                 |
| Matur og drykkur                                         | Mannslíkaminn                                            | Sögu- og textagerð                | Sögu- og textagerð. Nemendur skrifa m.a. bréf sem sent er heim í pósti.        | Sögu- og textagerð. Vinna texta um ákveðið viðfangsefni, einskonar heimildarritgerð. |
| Árstíðir og veður                                        | Árstíðir, tímahugtök og klukkan                          | Klukkan og tímahugtök             | Klukkan og tímahugtök                                                          | Klukkan og tímahugtök                                                                |
| Afstöðuhugtök                                            | Húsdýr                                                   | Vilt spendýr og fuglar            | Himingeimurinn                                                                 | Sjálfsmynd og styrkleikar                                                            |
| Dýr                                                      | Umferðin og hjól                                         | Tré, gróður, ber og lyng          | Fiskar                                                                         | Hver er ég? Nemendur kynna sjálfan sig.                                              |



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Námsefni

Notast er við fjölbreytt námsefni í ÍSAT kennslu. Námsefnið er ýmist fengið frá MMS, verkefni frá öðrum kennurum/heimasíðum (t.d. Fjölbreyttar kennsluaðferðir) eða verkefni útbúin af ÍSAT kennurum. Námsefnið er valið út frá hverjum hópi og getur því verið mismunandi milli hópa í sama árgangi og milli ára. Spil og leikir eru einnig notuð til þess að auka orðaforða og samskiptafærni nemenda.

### Námsmat

Símat yfir veturinn. Metið er með 6 hæfnitáknum eða metið lokið eða ólokið:

-  Framúrskarandi
-  Mjög góð hæfni
-  Góð hæfni
-  Á góðri leið
-  Þarfnast þjálfunar
-  Hæfni ekki náð
-  Lokið
-  Ólokið

### 5 ára - 0. Bekkur

Hafa þarf í huga að markmið og útfærsla náms fer ávallt eftir getustigi hvers hóps.

|                                                                                                                                                                                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Markmið:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka orðaforða.</li><li>• Þjálfra tjáningu.</li><li>• Þjálfra hlustunarskilning.</li><li>• Vinna með hljóðkerfisvitund.</li></ul> | <b>Námsgögn</b> <p>Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Orða eru ævintýri.</li><li>• Leggðu við hlustir.</li><li>• Markviss málörvun.</li><li>• Tölum saman.</li><li>• Spil og leikir.</li><li>• Vísur og söngtextar.</li><li>• Aðgerðaráætlun í kjölfari HLJÓM-2.</li><li>• Orðasjóður.</li><li>• Ýmis smáforrit.</li></ul> |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Hlustunarskilningur

Unnið er með hlustunarskilning á ýmsa vegu. ÍSAT kennari les stuttar setningar eða sögur og spyr nemendur út úr. Nemendur endurtaka orða/setningar, vísur og lög. Nemendum eru gefin fyrirsmáli t.d. hengdu upp jakkann, settu græna kubbin efst á blaðið.

### Tjáningarfærni

Rík áhersla er lögð á tjáningu og þátttöku ÍSAT nemanda í umræðum. Nemendur eru spurðir spurninga og hvattir til þess að taka þátt. Nemendur fá tíma til þess að segja frá því sem þeim liggur á hjarta. Unnið er markvisst að því að auka orðaforða nemanda. ÍSAT kennari leggur meðvitað orð á hluti og athafnir og endurtekur það sem nemendur segja eftir þörfum. Ekki er lagt upp með að leiðrétta nemendur beint heldur að leiðrétta málfar og orðnotkun með því að endurtaka rétt.

### Hljóðkerfisvitund

Unnið er með hljóðkerfisvitund ÍSAT nemanda út frá niðurstöðum í HLJÓM-2. Verkefni eru mikið unnin í leik og í stuttum lotum. Nemendur í 5 ára bekk læra bókstafi og undirstöðuatriði lestrar hjá sínum umsjónarkennara. ÍSAT kennarinn vinnur áfram með stafa- og hljóðþekkingu í minni hópum.

### Læsi

Lagður er grunnur að lestrarnámi ÍSAT nemanda í 5 ára bekk með stafakennslu og hljóðatengingum. Markmið 5 ára bekkjar er ekki að þau séu læs í lok vetrar en oft eru mörg vel á veg komin. Nemendur æfa sig í réttum samdrætti og skrif stuttra orða. Erfiðleikastig verkefna í læsi og ritun fara eftir getustigi hvers hóps.

## 1. Bekkur

Hafa þarf í huga að markmið og útfærsla náms fer ávallt eftir getustigi hvers hóps.

|                                                                                                                                                                                                                                 |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                   |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Markmið:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka orðaforða.</li><li>• Þjálfja tjáningu.</li><li>• Stafþekking.</li><li>• Þjálfja hlustunarskilning.</li><li>• Vinna með hljóðkerfisvitund og umskráningu.</li></ul> | <b>Námsgögn</b> <p>Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Hljóðasmiðja Lubba.</li><li>• Orðagull.</li><li>• Leggðu við hlustir.</li><li>• Markviss málörvun.</li><li>• Tölum saman.</li><li>• Orða eru ævintýri.</li><li>• Fyrirlestrar.</li><li>• Ýmis hefti útbúin af ÍSAT kennurum.</li><li>• Spil og leikir.</li><li>• Vísur og söngtextar.</li><li>• Orðasjóður</li><li>• Ýmis smáforrit og krakkaleikir hjá mms.is.</li></ul> |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Skilningur: hlustun og lestur

Í 1. bekk er aðallega unnið með hlustunarskilning. Þegar á líður veturinn er lesskilning bætt við. Það fer þó eftir getu nemenda í lestri. Námsfni sem miðar sérstaklega að því að vinna með hlustunarskilning er t.d. Orðagull, Leggðu við hlustir og Markviss málörvun.

### Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn og ritun

Í 1. bekk er aðalega unnið með markmið talað máls, samskipta og frásagnar. Nemendur er hvattir til þess að tjá sig og spurðir ýmissa spurninga í tengslum við námsfni hvers tíma. Fyrstu ritunarverkefni tengjast skrift og stafdrætti. Þegar á líður veturinn fara nemendur að skrifa orð og stuttar setningar. Erfiðleikastig verkefna fer þó ávallt eftir getu hópsins. Ekki er lagt upp með að leiðrétta nemendur beint heldur að leiðrétta málfar og orðnotkun með því að endurtaka rétt.

## 2. bekkur

Hafa þarf í huga að markmið og útfærsla náms fer ávallt eftir getustigi hvers hóps.

|                                                                                                                                                                                                            |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Markmið:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka orðaforða.</li><li>• Þjálfja tjáningu.</li><li>• Þjálfja hlustunarskilning.</li><li>• Þjálfja lesskilning.</li><li>• Þjálfja ritun.</li></ul> | <b>Námsgögn</b> <p>Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðagull.</li><li>• Leggðu við hlustir.</li><li>• Markviss málörvun.</li><li>• Tölum saman.</li><li>• Fyrirlestrar.</li><li>• Ýmis hefti útbúin af ÍSAT kennurum.</li><li>• Spil og leikir.</li><li>• Vísur og söngtextar</li><li>• Orðasjóður</li><li>• Ýmis smáforrit og krakkaleikir hjá mms.is.</li></ul> |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Skilningur: hlustun og lestur

Í 2. bekk er farið að leggja meiri áherslu á lesskilning, áfram er þó unnið með hlustunarskilning. Nemendur lesa stutta texta og svara spurningum úr þeim.

### Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn og ritun

Nemendur eru hvattir til þess að tjá sig í hverjum tíma. Það er t.d. gert með því að spyrja spurninga úr námsföfninu eða spyrja um nemendur spurninga um líðan og lífið utan skólans. Einnig eru öll tækifæri



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

nýtt þar sem nemendur eiga frumkvæði að umræðum. Í 2. bekk byrja nemendur á því að skrifa lengri setningar. Auk þess eru lögð drög að kennslu í setningaruppbyggingu. Nemendur fá þjálfun í því að skrifa stutta sögu og persónusköpun. Ekki er lagt upp með að leiðrétta nemendur beint heldur að leiðrétta málfar og orðnotkun með því að endurtaka rétt.

### 3. bekkur

Hafa þarf í huga að markmið og útfærsla náms fer ávallt eftir getustigi hvers hóps.

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                          |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Markmið:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka orðaforða.</li><li>• Þjálfra tjáningu.</li><li>• Þjálfra hlustunarskilning.</li><li>• Þjálfra lesskilning.</li><li>• Þjálfra ritun.</li><li>• Auka málvitund.</li><li>• Að nemendur vinni með málfræði og stafsetningu.</li></ul> | <b>Námsgögn</b> <p>Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Kæra dagbók 1 og 2.</li><li>• Fyrirlestrar.</li><li>• Ýmis hefti útbúin af ÍSAT kennurum.</li><li>• Spil og leikir.</li><li>• Vísur og söngtextar</li><li>• Ýmis smáforrit og krakkaleikir hjá mms.is.</li></ul> |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|

### Skilningur: hlustun og lestur

Ríkari áhersla er lögð á lesskilning í 3. bekk en fyrri ár. Nemendur lesa lengri og flóknari texta og svara spurningum. Reynt er að höfða til áhugasviðs nemenda í textagerð þar sem því verður við komið.

### Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn og ritun

Áfram er lögð mikil áhersla á tjáningu með umræðum og spurningum. Ekki er lagt upp með að leiðrétta nemendur beint heldur að leiðrétta málfar og orðnotkun með því að endurtaka rétt. Meiri áhersla er lögð á ritun en fyrri ár. Nemendur skrifa lengri texta og eru kynntir fyrir mismunandi ritstílum, t.d. hver er munurinn á formlegu boðskorti og SMS skilaboðum. Nemendur skrifa bréf til sjálf síns á vorönn sem er sent heim í bréfpósti.

### 4. bekkur

|                                                                                                                                                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                               |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Markmið:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Auka orðaforða.</li><li>• Þjálfra tjáningu.</li><li>• Þjálfra hlustunarskilning.</li><li>• Þjálfra lesskilning.</li><li>• Þjálfra ritun.</li><li>• Auka málvitund.</li><li>• Að nemendur vinni með málfræði og stafsetningu.</li></ul> | <b>Námsgögn</b> <p>Reynt er að hafa námsgögn fjölbreytt og þannig að þau höfði til nemenda.</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Einmitt! 1A.</li><li>• Fyrirlestrar.</li><li>• Ýmis hefti útbúin af ÍSAT kennurum.</li><li>• Spil og leikir.</li><li>• Vísur og söngtextar.</li></ul> |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

### Skilningur: hlustun og lestur

Áfram er meira unnið með lesskilning er hlustunarskilning í 4. bekk. Nemendur lesa lengri og flóknari texta og svara spurningum. Reynt er að höfða til áhugasviðs nemenda í textagerð þar sem því verður við komið. Nemendur velja sér í samráði við ÍSAT kennara viðfangsefni á vorönn sem þeir kynna sér vel og leita af upplýsingum um. Að upplýsingaöfluninni lokið gera þeir ritunarverkefni um viðfangsefnið.

### Tjáning: Talað mál, samskipti og frásögn og ritun

Nemendur eru áfram hvattir til þess að tjá sig í hverjum tíma. Nemendur æfa sig í samskiptum við aðra nemendur í verkefnavinnu. Nemendur vinna lengri texta og lengri verkefni. Meðal annars vinna þeir verkefni þar sem þeir kynna sjálfan sig. Þeir skrifa upplýsingar um sig á plaggat og kynna sjálfan sig svo. Mismunandi er milli hópa hvort að kynningin fari fram í ÍSAT tíma eða inni í bekk. Nemendur vinna líka einskonar heimildarritgerð. Þar sem þeir velja sér viðfangsefni lesa sér vel til um það og gera í framhaldi ritunarverkefni.

---

### *Móttökuáætlun fyrir nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn*

---

Nýir nemendur við skólann koma að öllu jafnan í skólaheimsókn. Skólaheimsóknirnar eru ýmist einstaklings, minni hópar eða árgangaskiptir hópar að vori. Í þeim skólaheimsóknum er farið yfir helstu atriði sem tengjast skólanum auk þess fara nemendur í skoðunarferð um skólann.

Að hausti boðar umsjónarkennari foreldra á námsefnakynningu. Þar er m.a. farið yfir verkefni vetrarins, til hvers er ætlað af foreldrum og nemendum. Ef þörf þykir eru foreldrar ÍSAT nemenda boðaðir á sérstakan kynningarfund. Fagstjóri fjöltyngdra nemenda situr þann fund eftir þörfum.

Í skólaheimsókninni og/eða á fundinum er meðal annars farið yfir:

- hvað þarf að hafa með sér í skólann (íþróttir/sund/nesti/mataráskrift).
- útiföt.
- hvað skólinn útvegar.
- frístund.
- heimanám og skyldur foreldra.
- skóladaginn, skólareglur og skóladagatal.
- mentor.is (framgangur námsins, bekkjarlisti og forfallaskráning).

Foreldrum býðst að fá aðstoð frá skrifstofu skólans í að fylla út skólasamning og fá aðgang að mentor.is.



## Skóli Ísaks Jónssonar

Sjálfsseignarstofnun

Fljótlega eftir að nemandi hefur nám leggjur sérkennari fyrir prófið Á milli mála sem metur stöðu í íslensku. Áður en sú skimun er lögð fyrir svara foreldrar spurningalista þar sem m.a. er spurt um:

- námslega stöðu.
- tungumála bakgrunn fjölskyldunnar.

Út frá niðurstöðum er tekin ákvörðun um stuðningsþörf nemandans í íslensku. Þörf fyrir stuðning í öðrum námsgreinum er metin hverju sinni. Ef þörf er á nánari útskýringum á námslegri stöðu nemenda hefur umsjónarkennari eða fagstjóri fjöltyngdra nemenda samband við foreldra.

Ef þörf þykir er stöðumatið Stikum af stað lagt fyrir nemendur.

Umsjónarkennari kynnir nemandann fyrir öðru starfsfólki og nemendum í bekknum.

Umsjónarkennari er í góðum samskiptum við foreldra og upplýsir þá um aðlögun og námsframvindu nemandans.